

6. nóvember 2023

Umsögn íbúaráðs Grafarvogs við skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju, dagsett 15. febrúar 2023 og sett var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2023.

Íbúaráð hefur kynnt sér vel skýrsluna og jafnframt stöðuna í Grafarvogi hvað varðar núverandi skólahúsnæði m.a. í ljósi þess að á næstu árum mun börnum fjölga í nýbyggingarhverfum – Gufunesi og Keldnalandi og væntanleg uppbygging íbúðarhúsnæðis á lóð Golfklúbbs Reykjavíkur sem er nú í skipulagsferli, en þær íbúðir koma til með að tilheyra Staðahverfi.

Það er álit íbúaráðs að það sé réttur barna í Reykjavík að ganga í skóla í sínu hverfi og þau þurfi ekki að taka skólabíl á hverjum morgni til að fara í skóla alla sína grunnskólatíð. Þegar horft er til eðlilegrar endurnýjunar í hverfum skiptir það barnafjölskyldur miklu máli að leik- og grunnskólar séu til staðar í þeirra hverfi.

Íbúaráð kannaði hjá yfirmönnum skóla- og frístundasviði borgarinnar hvort til kæmi að nýta yrði Korpuskóla fyrir nemendur úr Gufunesi og / eða Keldnalandi. Ráðið fékk þau svör að aðrir skólar í Grafarvogi gætu tekið á móti þeim nemendum. Að mati íbúaráðs er það grundvallaratriði að hægt verði að taka á móti öllum grunnskólanemendum úr nýju hverfunum í skólum Grafarvogs, það þurfi ekki að keyra þá í grunnskóla út fyrir Grafarvog.

Við teljum einnig rétt að reikna með því að í eldri hverfum Grafarvogs verði á næstu árum ákveðin breyting á samsetningu íbúa, þ.e. hverfin yngjast upp og börnum fjölgar.

Um leið og íbúaráð hvetur til bættrar aðstöðu sérskóla fyrir fötluð börn í Reykjavík þá leggst íbúaráð Grafarvogs gegn hugmyndinni um að breyta til Korpuskóla úr almennum grunnskóla í skóla fyrir börn með þroskahömlun. Ef börnum á grunnskólaaldri fjölgar til muna í Staðahverfi vill íbúaráð halda þeim möguleika opnum að endurvekja Korpuskóla sem hverfis-skóla í Staðahverfi.

Með kveðju,
f.h. íbúaráðs Grafarvogs
Fanný Gunnarsdóttir
formaður